

Þriðjudaginn 28. apríl 2020 var haldinn stjórnarfundur í gegnum fjarfundabúnað og hófst hann kl.14:25

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Skúli Guðbjörnsson, Ragnheiður Pálsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Þuríður Sigurðardóttir og Kristján Sturluson.

Einnig sat fundinn Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnaði fundi.

Dagskrá:

1. Umboð formanns til undirritunar leigusamninga

Stjórn Bakkahvamms hses. samþykkir að veita Einari Jóni Geirssyni umboð til að undirrita leigusamninga vegna Bakkahvamms 8a, 8b og 8c fyrir hönd Bakkahvamms hses.

Samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsstaða Bakkahvamms hses.

Búið að vera í sambandi við HMS. Annars vegar verið að sækja helming af stofnframlagi og svo sækja um lán til 50 ára. Bakkahvammur hses. þarf að fara fram á það við sveitarstjórn að ákveðin kostnaður við framkvæmdirnar verði framlag Dalabyggðar til verkefnisins. Svo er 1millj. inni hjá KPMG.

3. Leiga íbúða

Allir sem fengu úthlutað hafa samþykkt að taka við íbúðunum. Verður skrifað undir í næstu viku.

4. Dagsektarákvæði

Stjórn þarf að taka afstöðu til þess hvort eigi að nýta það.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl.14:38

**Bakkahvammur hses.
Stjórnarfundur.**

X

Einar Jón Geirsson

X

Skúli Guðbjörnsson

X

Ragnheiður Pálsdóttir

X

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

X

Þuríður Sigurðardóttir

X

Kristján Sturluson